


Kvartað undan aðstoð Samtökin Geðhjálp gagnrýna framkvæmd aðstoðar við fyrrum vistmenn Breiðavíkur og Byrgisins. Landlæknir telur eðlilega hafa verið brugðist við og segir engar kvartanir hafa borist.



Framkvæmdastjóri Geðhjálpur um ráðherra:

Þeir svíkja gefin loforð

■ Ráðherra vísar á landlæknisembættið

Eftir Trausta Hafsteinsson

trausti@bladid.net

„Ráðherrarnir hafa alls ekki staðið við sín loforð. Ekki bara það heldur hentar sú framkvæmd sem sett var í gang ekki öllum eintaklingunum, það finnst okkur skelfilegast í þessu. Við gerum þá kröfu að ríkið nái í fólkíð og hjálpi því ekki seinna en strax,“ segir Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálpur.

Geðhjálp hefur sent ríkisstjórninni kröfu um aukna aðstoð við fyrrum vistmenn Byrgisins og Breiðavíkur. Samtökin eru þeirrar skoðunar að meðferðarúræðin sem í boði eru hjálpi aðeins hluta vistmannanna og finna þurfi aðrar leiðir hið allra fyrsta.

Vísu málinu frá

Þór Jónsson, upplýsingafulltrúi félagsmálaráðuneytisins, vísar málinu frá ráðuneytinu og segir það á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Hann bendir á sérstök teymi sem mynduð voru á Landspítala – háskólasjúkrahúsi til að taka á þessu. „Ríkisstjórnin fól heilbrigðisráðuneytinu og landlæknisembættinu útfærslu á aðstoð við þessa hópa. Aðstoðin er ekki veitt á stofnunum sem heyra undir félagsmálaráðuneytið heldur tilheyra þær heilbrigðissviði,“ segir Þór.

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra vísar málinu alfaríð yfir til landlæknisembættisins þar sem þar sé haldið utan um framkvæmdina.

Engin kvörtun borist

Matthías Halldórsson landlæknir tekur upp hanskann fyrir ráðherrana og telur framkvæmdina í eðlilegum farvegi. Hann segir enga kvörtun hafa borist til embættisins og undrast að Geðhjálp hafi ekki sett sig í samband við embættið.

„Ég er þeirrar skoðunar að vel hafi verið brugðist við og tel gagnrýnina ekki eiga rétt á sér. Hingað hefur ekki nokkur kvörtun borist og ekki



Ráðherrarnir hafa alls ekki staðið við sín loforð

Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálpur.



Ég er þeirrar skoðunar að vel hafi verið brugðist við

Matthías Halldórsson, landlæknir.

nokkur maður haft samband,“ segir Matthías. „Ég tel þetta vera í réttum farvegi og þetta hefur gengið þokkalega vel. Ég tel enga ástæðu til sér-tækra aðgerða í þessum efnum enda okkar besta fólk sem við treystum til verksins. Vandamál þessa fólks eru mjög flókin og verða hvorki leyst á einu augnabliki né í einhverjum fljótheitum.“

Aðeins hluta hjálpað

Í tilkynningu frá geðsviði Landspítalans kemur fram að þarfir vistmanna Byrgisins séu metnar hverju sinni og brugðist við þeim eins vel og hægt er. Öllum fyrrverandi vistmönnum Breiðavíkur stendur til boða sálfræðiaðstoð sem veitt er utan spítalans, þeim að kostnaðarlausu. Jafnframt er ítrekað að geðdeildin sé heilbrigðisstofnun og að hún hafi ekki yfir að ráða neinum sértekum félagslegum úrræðum.

Aðspurður telur Sveinn eingöngu hluta þeirra fá hjálpmál sem þurfa á henni að halda. Hann segir fjölda fólks hafa leitað til samtakanna sem sætt hafi harðræði, ofbeldi, eða kynferðislegri misnotkun meðan á stofnanavistun þess á ábyrgð hins opinbera stóð. „Fólkíð þarf meira en auglýsingu til að fá lausn á sínum málum og finna þarf önnur úrræði. Það þarf að ná í fólkíð, meta hvert mál fyrir sig og taka á því á faglegum nótum,“ segir Sveinn.